

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 10.mars 2023 kl.14:00 á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi sem eru á fjarfundi.

Dagskrá:

1. Fara yfir fundargerð síðasta fundar, uppfæra upplýsingar.
  - Sorpsamlag Strandasýslu
  - 3ja fasa straumur – Orkubú Vestfjarða
  - Velferðarþjónusta seinni umræða, undirritun samnings. Fundargerð Félagsþj. Stranda og Reykhólahrepps lögð fram til kynningar.
  - Endurbætur við Norðurfjarðarhöfn
  - Rafmagn í Kaupfélagshúsinu
1. Stóru verkefni framundan á þessu ári.
  - Norðurfjarðarhöfn og framtíðarskipulag.
  - 3ja fasa rafmagn og ljósleiðari.
1. Ný mál, ný vinnubrögð.
  - Undirbúa sumarið – útbúa verðskrá fyrir smábátana
  - Gisting í skóla
  - Áfram Árneshreppur
  - Vinnufundir
1. HMS – Brunavarnir og húsnæðisáætlanir.
2. Byggjum brýr – Vegagerðin lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Umhverfisstofnun varðandi mengaðan jarðveg, lagt fram til kynningar og umræðu.
4. Tölvupóstur frá Sambandinu og Mennta og barnamálaráðuneyti, þ.á.m. fundarboð á fundi á Vestfjörðum.

1.Fara yfir fundargerð síðasta fundar;

- Sorpsamlag Strandasýslu; Delphine hefur útbúið spurningablað varðandi þjónustu sorpsamlagsins og okkar eigin aðkomu að flokkun sorps og aðstæður til þess að geta gert það

skilmerkilega. Fjölga þarf tæmingum á almennu sorpi yfir háannatímamann, taka plast frá bændum tvisvar á ári, ath. með nýja staðsetningu á gámnum í Víkinni og ýmislegt fleira sem tekið verður fyrir á fundi með Strandabyggð og Sorpsamlaginu.

286.

- 3ja fasa straumur; Mál standa að mestu leiti svipað og fyrr, ýmislegt þarf að skoða betur og yfirfara. Ákveðið að byrja á því að fá dagskýrslur frá Orkubúi og síðan endurskoða samskiptin á milli þess og sveitarfélagsins. Oddvita falið að vera í sambandi við Orkubúið varðandi framhaldið.

- Velferðarþjónusta seinni umræða; samkvæmt samtali við fulltrúa hjá Kpmg ehf, er meðfylgjandi samþykkt samkvæmt reglum og staðfestir vilja hreppsnefndar um að taka þátt í væntanlegu samstarfi og er oddvita falið að undirrita samninginn þegar hann er tilbúinn; “Hreppsnefd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum 17.febrúar 2023 að fara í samstarf um sérhæfða velferðarþjónustu með sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem Ísafjarðarbær mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag. Með sérhæfðri velferðarþjónustu er átt við framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og þjónustu við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita, eða öðrum hreppsnefndarmanni í sinn stað, að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að samningi um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Oddvita er einnig falið að undirrita samninginn að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir hreppsnefnd til staðfestingar”.

-Endurbætur við Norðurfjarðarhöfn. Ákveðið var að halda fjarfund með íbúum Norðurfjarðar. Gott væri að þátttakendur myndu leggja fram mótaðar hugmyndir varðandi verkefnið. Verkefnisstjóri og oddviti munu senda Framkvæmdasjóði bréf fljótlega varðandi verkefnið.

-Rafmagn í Kaupfélagshúsi. Búið er að teikna upp og mæla íbúð nr. 3 í húsinu og lagfæra mál í íbúð 2 og hefur Guðlaugur Maríasson frá Felli tekið að sér að teikna hana og gera skráningartöflu. Eftir það er hægt að sækja um niðurgreiðslu á rafmagni/ennfremur að athuga hvernig staðan er varðandi sama mál í skólaíbúðinni.

2. Stóru verkefni framundan á þessu ári.

- Norðurfjarðarhöfn og framtíðarskipulag. Rætt var um flutning á olíu- og bensíndælum/ bátaolíutanka. Fyrsti hluti verksins verður unninn í júní. Ennfremur var ræddur sá möguleiki hvort Árneshreppur myndi falast eftir að fá keypt svæðið í kringum höfnina. Þetta mun verða borið undir landeigendur fljótlega.

- 3ja fasa rafmagn og ljósleiðari. Málið var þegar rætt undir lið 1.

3. Ný mál, ný vinnubrögð.

- Undirbúa sumarið – útbúa verðskrá fyrir strandveiðibátana. Ákveðið var við gerð fjárhagsáætlunar í vetur fyrir árið 2023 að hækka gjaldskrána um 4%. Á áætlun er að fjölga rafmagnsmælum á stóru bryggjunni og koma þangað vatnsleiðslu. Ennfremur verður tekið rafmagnsgjald af þeim hjólhýsum sem verða þar í notkun. Gjaldskrá verður hengd upp í Verzlunarfjelaginu eins og venjan er og einnig sett inn á heimasíðu hreppsins.

- Gisting í skóla. Finnbogastaðaskóli verður ekki leigður út til ferðamanna í sumar, ákveðið var

að framvegis verði hann nýttur fyrir fólk sem dvelur hér allt sumarið við ýmis störf í sveitarfélaginu og á ekki húsnæði í sveitinni.

- Áfram Árneshreppur. Verkefnisstjórn hélt íbúafund miðv.daginn 25.janúar s.l. þar sem farið var yfir breytingar á verkefnisstjórn, tilkynnt um lengingu verkefnisins og fleira. Samþykkt var að fulltrúar unga fólksins á fundinum, þau Héðinn, Davíð, Róbert, Thomas og Delphine skipi starfshóp til að móta tillögur um framtíðina.

287.

- Vinnufundir. Vinnufundir eru mjög þarfir til undirbúnings hreppsnefndarfundum, sá fyrsti var haldinn 3.mars s.l., fundargerð var send til allra í hreppsnefnd. Farið var yfir ýmislegt varðandi brunavarnir, símaáskriftir, óskað eftir fundum með Vegagerð, Kpmg ehf og fleira.

4. HMS – brunavarnir og húsnæðisáætlanir. Brunavarnir voru ræddar í þaula. Slökkvibíll er kominn í sveitina og von er á kerru með dælu strax og veður og færð leyfa. Smærri verkefni svo sem uppsetning slökkvitækja og reykskynjara eru í undirbúningi. Brunavarnaáætlun er í smíðum.

Húsnæðisáætlun fyrir Árneshrepp er stórt verkefni fyrir svo fámennt sveitarfélag, en fyrstu skref eru að tala við fulltrúa hjá Kpmg ehf og vinna svo út frá því.

Haldið verður áfram að hafa vinnufundi, ca. 1 viku fyrir hvern hreppsnefndarfund.

5. Byggjum brýr – bréf frá Vegagerðinni lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Umhverfisstofnun varðandi mengaðann jarðveg. Ekki er vitað til þess að nein slík svæði séu í Árneshreppi.

7. Tölvupóstur frá Sambandinu og Mennta og barnamálaráðuneyti, þ.á.m. fundarboð á fundi á Vestfjörðum. Oddviti mun ganga úr skugga um hvort ekki sé hægt að taka þátt með fjarfundabúnaði. Dagsetningin er 22.mars 2023 kl. 10:00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00